

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Flokkur: Ísbrjótur

Þrjár spurningar

Hvað æfir aðferðin? Samskipti, orðaforða, tal

Stutt lýsing: Nemendur skrifa þrjár spurningar á blað. Hópurinn stendur svo upp og hver og einn velur sér þrjá samnemendur og spyr hvern og einn eina af þessum þremur spurningum sem hann skrifaði niður. Síðan stendur hver nemandi upp og kennarinn biður hina í hópnum að segja frá því sem þeir vita um viðkomandi nemanda.

Fjöldi: 6-20

Nauðsynlegt efni eða aðstaða? Gott pláss svo nemendur geti staðið upp og blandað geði við aðra.

Nákvæm lýsing

Nemendur skrifa þrjár spurningar á blað. Spurningarnar eiga að vera áhugaverðar - ekki bara "Hvað heitir þú?" heldur frekar "Hver er áhugaverðasti staður sem þú hefur ferðast til?" eða "Segðu frá einhverju sem þú hefur brennandi áhuga á". Það fer auðvitað svolítið eftir getu nemenda hversu flóknar spurningarnar eru, en hvetjið nemendur til að finna spennandi spurningar sem þá langar að spyrja samnemendur sína. Þegar allir hafa skrifað niður þrjár spurningar standa þeir upp og blanda geði og finna sér þrjá í bekknum til að spyrja hinna þriggja spurninga sem þeir eru með á blaðinu. Þegar þessu er lokið fær kennarinn einn nemanda í einu til að standa upp og segja til nafns og um leið biður hann hina í hópnum að segja frá því sem þeir vita um nemandann út frá verkefninu.

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik?

Training –Games.com

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú?

Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík

